



19. nóvember 2003

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um fjármálafyrirtæki (7. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 29. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV stóðu að vinnu þess frumvarps sem varð að lögunum nr. 161/2002, sem komu til framkvæmda þann 1. janúar sl. Þau lög grundvallast á því alþjóðafjármálaumhverfi sem íslensk fjármálafyrirtæki starfa í, en alls staðar á EES-svæðinu og í Bandaríkjunum er bönkum heimilt að stunda jafnt viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi innan sama fyrirtækisins. Atvinnulífið hefur þannig gert þá kröfu að bankar taki í auknum mæli þátt í atvinnulífínu sjálfu, ekki einvörðungu með hefðbundinni inn- og útlánastarfsemi, heldur einnig með beinni þátttöku í fjármögnun fyrirtækja og aðstoð við að finna fjárfestingatækifæri sem geta eflt frekar rekstur einstakra viðskiptamanna. Ef takmarka ætti svigrúm hérlendra fjármálafyrirtækja hvað þetta varðar mundi það hafa alvarlegar afleiðingar gagnvart samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar, enda væru íslensk fyrirtæki þá lakar sett en fjármálafyrirtæki nágrannalöndanna sem í auknum mæli nýta sér hina frjálsu samkeppni í fjármálaþjónustu milli landa sem EES-samningurinn hefur skapað.

Ljóst er að hagsmunir á sviði viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingabankastarfsemi hins vegar geta skarast. Sökum þess eru settar skýrar reglur af hálfu löggjafa og stjórnvalda sem eiga að tryggja að fjármálafyrirtæki misnoti ekki aðstöðu sína að þessu leyti. Má þar vísa í ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, og tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2001, um verklagsreglur fjármálafyrirtækja. Þessar reglur byggjast á EES-fyrirmynd. Þá er ljóst að samkeppnin á milli fjármálafyrirtækja er slík að ef eitthvert þeirra ætlaði að misnota sér aðstöðu sína hvað þetta varðar mundi slík framkoma strax bitna á trúverðugleika viðkomandi fyrirtækis þannig að það stæði höllum fæti í samkeppninni.

Hvað varðar tillögu í frumvarpinu um að takmarka veitingu starfsleyfis við eina tegund leyfis vísast í sömu rök og að framan, þ.e. að viðskiptamenn banka og sparisjóða gera þá kröfu til þeirra að geta fengið alla sína fjármálaþjónustu á einum stað, s.s. útlánþjónustu, fjárfestingabankaþjónustu og umsýslu verðbréfa. Þetta er í samræmi við það sem algilt er í nágrannalöndunum. Ekki er raunhæft að ætla að búa íslenskum fjármálafyrirtækjum lakara samkeppnisumhverfi hvað þetta varðar en keppninautum á EES-svæði.

Í ljósi framangreinds mæla SBV gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri